

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um smíði reglna um rafræna vöktun

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt

### Inngangur:

Myndavélaeftirlit og söfnun myndefnis sem verður til við slíkt eftirlit felur í sér vinnslu persónuupplýsinga og þarf að samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679, sem og reglum Persónuverndar um rafræna vöktun nr. 50/2023. Viðurlög vegna brota á löggjöfinni getur valdið stjórnvaldssektum.

Samkvæmt skýrslu sem gerð var á vegum fagsviðar persónuverndar hjá innri endurskoðun og ráðgjöf á eftirlitsmyndavélum á vegum Reykjavíkurborgar í október 2023 (IE22070008 og IER22110017) eru a.m.k. 830 myndavélar virkar á um 82 stöðum í borgarlandinu. Í skýrslunni mælist innri endurskoðun og ráðgjöf til þess að mótuð verði miðlæg stefna um framkvæmd rafrænnar vöktunar og settar verði fram leiðbeiningar um rafræna vöktun, í samræmi við persónuverndarlöggjöf, reglur Persónuverndar nr. 50/2023 og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Auk þessi þurfi að innleiða miðlægt verklag vegna aðgangs að myndefni úr eftirlitsmyndavélum til að tryggja réttindi hinna skráðu og samræma málsmeðferð slíkra beiðna.

Á fundi borgarráðs þann 19. október 2023 var samþykkt að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði ábyrgð á utanumhaldi og eftirliti með rafrænni vöktun öryggismyndavéla sem settar eru upp á vegum starfsstaða Reykjavíkurborgar. Í tillögunni fólst m.a. að útbúa verklagsreglur um notkun öryggismyndavéla í starfsemi borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur sett reglur um þann hluta rafrænnar vöktunar sem snýr að hljóðritun símtala og meðferð persónuupplýsinga sem verða til í stafrænum samskiptum einstaklinga og lögaðila við Reykjavíkurborgar, en nauðsynlegt er að ná utan um aðra rafræna vöktun sem framangreindar reglur ná ekki yfir.

### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að skrifa reglur um rafræna vöktun öryggismyndavéla hjá Reykjavíkurborg.

### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirfara gildandi reglur sem ná til rafrænnar vöktunar hjá Reykjavíkurborg
- Skrifa reglur um rafræna vöktun öryggismyndavéla hjá Reykjavíkurborg

### Starfshópurinn skipa:

Aldís Geirdal Sverrisdóttir (formaður), teymisstjóri lögfræðiþjónustu, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Hildur Kristín Friðleifsdóttir, persónuverndarsérfræðingur velferðarsviðs

Auður Ásgrímsdóttir, persónuverndarsérfræðingur menningar- og íþróttasviðs

Katrín Elva Gunnarsdóttir, persónuverndarsérfræðingur skóla- og frístundasviðs

Loftur Steinar Loftsson, deildarstjóri kerfisstj. og tæknirekstur, þjónustu- og nýsköpunarsvið

### Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Eva Pandora Baldursdóttir, skrifstofa sviðsstjóra, þjónustu- og nýsköpunarsvið.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Samráð og samstarf verði haft persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar hjá innri endurskoðun og ráðgjöf og persónuverndarsérfræðinga annarra sviða en sitja í starfshópi.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok desember 2023.

Reykjavík, 1. nóvember 2023



Óskar J. Sandholt